

Sjálfsmatsskýrsla Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri

2018-2019



Inngangur

Starfsárið 2017-2018 var innra starf skólans metið út frá mörgum fjölbreytilegum þáttum sem helstir eru þessir:

- Starfsmannakönnun Skólapúlsins
- Nemendakönnun Skólapúlsins, nemendur 5. – 10. bekkjar
- Samræmd könnunarpróf
- Könnun um líðan og hagi nemenda hjá Rannsókn og greiningu
- Ytra mat frá Menntamálastofnun

Starfsmannakönnun Skólapúlsins

Matsteymi Barnaskólans rýndi í niðurstöður og dró fram helstu niðurstöður. Annaðhvort vöktu niðurstöðurnar athygli teymisins eða sýndu fram á breytingar frá fyrri könnunum. Niðurstöður kannana Skólapúlsins er að finna á heimasíðu Barnaskólans, www.barnaskolinn.is.

- Rúmlega 20% aukning var á starfsmannaviðtölum frá fyrri könnun. Hins vegar töldu 7,3% færri starfsmenn gagn af viðtölunum.
- Áreitni meðal starfsfólks var 10,3%, tala sem teymið vill benda á að sé of há. Hún lækkaði hins vegar um 6.8% milli kannana.
- Tíðni eineltis meðal starfsfólks er rúmlega 10%, rétt yfir landsmeðaltali.
- Starfsánægja, starfsandi og starfsumhverfi er í takt við niðurstöður á landsvísu.
- Viðhorf til stjórnunar skólans er rétt undir landsmeðaltali.
- Viðhorf til upplýsingastreymis innan skólans er talsvert lægra en á landsvísu.
- Faglegur stuðningur stjórnenda er minni en á landsvísu.
- Samráð um kennslu er minna en á landsvísu.
- Stjórnendur eru rúmum 47% undir landsmeðaltali þegar kemur að hæfilegu mati og endurgjöf frá stjórnendum að mati kennara.

Nemendakönnun Skólapúlsins

Eftirfarandi niðurstöður hefur teymið dregið fram í dagsljósið sem annað hvort athugaverðar eða afgerandi niðurstöður ú nemendakönnun:

- Ánægja af lestri, þrautseigja í námi, áhugi á stærðfræði, ánægja af náttúrufræði, trú á eigin vinnubrögðum og trú á námsgetu er fyrir neðan landsmeðaltal hjá nemendum Barnaskólans.
- Einelti er minna í Barnaskólanum en á landsvísu eða 10,7% meðan tíðni á landsvísu er 12,2%.
- Nemendur Barnaskólans borða síður holla matvöru en kollegar þeirra á landsvísu.

Samræmd könnunarpróf

Þar sem ekki var nægur nemendafjöldi á unglíngastigi og yngsta stigi til að gera niðurstöður kannana marktækar eru þær upplýsingar ekki til. Eftirfarandi niðurstöður liggja fyrir af miðstigi:

- Nemendur barnaskólans eru með talsvert lakari námsárangur í stærðfræði og íslensku en á landsvísu.

Könnun Rannsóknar og greiningar

Könnun R&G nær yfir tvö skólastig, annars vegar miðstigi sem inniber nemendur í 5. - 7. bekk og hins vegar unglíngastigi, nemendur 8. - 10. bekkja. Könnun R&G beinist aðallega að líðan og högum nemenda. Könnun miðstigs sker sig að litlu leyti frá meðaltali á landsvísu. Þó eru nokkrar upplýsingar sem ber að gefa gaum:

- Athygli vekur að stúlkur á miðstigi virðast sýna vanlíðan fremur en jafnöldur þeirra á landsvísu. Um 14 % stúlkna líður t.a.m. illa í kennslustundum í skólum Árborgar á meðan landsmeðaltalið er rúmlega 10%.
- Unglingar í Árborg nota tóbak og raf-sígarettur síður en jafnaldrar þeirra á landinu.

Almennt virðist líðan og hagir nemenda í Árborg vera góð. Hægt er að draga þá ályktun að forvarnarstarf í sveitarfélaginu skili góðum árangri.

Ytra mat

Skólaárið 2018-2019 fékk Barnaskólinn ytra mat frá Menntamálastofnun. Þar greindu sérfræðingar helstu þætti skólastarfsins út frá eftirfarandi þáttum:

Stjórnun og fagleg forysta

Nám og kennsla

Innra mat

Skóli án aðgreiningar

Niðurstöðum Menntamálastofnunar var skipt í annars vegar í styrkleika skólastarfsins og hins vegar í greiningu á hvar tækifæri til umbóta væri að finna. Þessar voru helstu niðurstöðurnar:

Stjórnun og fagleg forysta

Styrkleikar

- Starfsáætlun fyrir yfirstandandi skólaár og flestir þættir skólanámskrár eru birtir á heimasíðu skólans.

- Á heimasíðu er ítarleg stefnumótun um stoðþjónustu, skóla án aðgreiningar og greinargóð lestrarstefna.
- Samstarf við leikskólann og grenndarsamfélagið er markvisst og öflugt.
- Mat á árangri nemenda er reglulegt og í foreldraviðtölum er rætt um líðan og stöðu nemenda.
- Stjórnendur skipta með sér verkum og dreifa ábyrgð sín á milli og þeir leggja sig fram um að hrósa þegar við á.
- Starfslýsingar allra starfsmanna er að finna í handbók starfsmanna og starfsþróunarsamtöl fara fram einu sinni á ári.

Tækifæri til umbóta

- Móta þarf heildarstefnu um kennsluhætti sem nær til beggja starfsstöðva.
- Tryggja að niðurstöðum samræmdra mælinga sé fylgt eftir til að bæta árangur nemenda.
- Stjórnendur veiti kennurum reglulega endurgjöf á störf sín.
- Birta alla þætti skólanámskrár með skýrum og aðgengilegum hætti á heimasíðu.
- Gera grein fyrir í skólanámskrá og námsáætlunum hvernig unnið er með grunnþætti menntunar og hvernig unnið er að jákvæðum skólabrag.
- Skólaráð haldi að minnsta kosti einn fund á ári um skólamál fyrir skólasamfélagið.

Nám og kennsla

Styrkleikar

- Í skólanum er borin virðing fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum nemenda.
- Árangur nemenda á samræmdum könnunarprófum í 9. bekk er góður í íslensku og ensku.
- Skipulag kennslutíma er gott og tíminn vel nýttur.
- Hugað er að tíma til að komast í og úr íþróttum.
- Foreldrar telja nám hæfilega krefjandi og að komið sé til móts við mismunandi þarfir nemenda.
- Kennarar vinna saman að skipulagi kennslu.
- Verið er að þróa teymiskennslu á yngsta stigi.
- Áhersla er lögð á nám í list- og verkgreinum.
- Eldri nemendur fá kynningu á markmiðum og viðmiðum.

Tækifæri til umbóta

- Setja fram sýn skólans og hvernig hún á að birtast í námi og kennslu.
- Samræma framsetningu námsvísa/áætlana um nám og birta á heimasíðu.
- Tengja áætlanir um nám betur við hæfniviðmið aðalnámskrár.
- Sjá til þess að nemendur unglिंगadeildar hafi val í um fimmtungi námstímans.
- Endurskoða stærðfræðikennslu og leita leiða til að bæta árangur nemenda í stærðfræði.
- Auka þátttöku nemenda við að vinna með markmið námsins, læra að setja sér markmið tengd hæfni og skipuleggja nám sitt.
- Gera grein fyrir hvernig námsaðlögun er háttað í kennsluáætlunum.
- Auka notkun á upplýsingatækni í námi.

- Efla kennsluhætti þar sem reynir á rökhugsun, gagnrýna hugsun, samstarf og skoðanaskipti nemenda.
- Stuðla að aukinni hreyfingu hjá nemendum.

Innra mat

Styrkleikar

- Stjórnendur telja innra mat mikilvægt og ætla að efla það.
- Matsskýrslur hvers árs eru opinberar.
- Gagna um skólastarf hefur verið aflað hjá nemendum, stafsólki og foreldrum.
- Unnin hefur verið greinargerð um innra mat með styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Niðurstöður kannana eru kynntar helstu aðilum skólasamfélagsins.

Tækifæri til umbóta

- Skipa þarf teymi um innra mat með fulltrúum allra aðila skólasamfélagsins.
- Greina betur samræmd könnunarpróf og setja fram markvissar leiðir til umbóta.
- Innra mat þarf að verða samofið daglegu skólastarfi.
- Gera þarf áætlun um innra mat til nokkurra ára og hafa opinbera.
- Gera mat á kennslu og fagmennsku kennara að föstum lið í innra mati.
- Meta þarf markmið skólans.
- Afla mætti gagna um skólastarf með fjölbreyttari aðferðum en könnunum hjá aðilum skólasamfélagsins.
- Vinna nákvæma umbótaáætlun út frá tækifærum til umbóta og tilgreina hvernig og hvenær á að meta árangur umbótaágerða.

Skóli án aðgreiningar

Styrkleikar

- Skólinn byggir starf sitt meðal annars á virðingu fyrir margbreytileikanum og leitast við að veita öllum nemendum sínum námstilboð við hæfi.
- Gerðar eru ítarlegar einstaklingsnámskrár fyrir nemendur sem þurfa sérstakan stuðning og einstaklingsáætlanir á unglíngastigi fyrir þá sem þurfa aðlögun í námi.
- Á heimasíðu er greinargóð lýsing á verklagi og vinnubrögðum stoðþjónustunnar.
- Í skólanum er lögð mikil áhersla á markvissa lestrarþjálfun.
- Nemendur með sérþarfir fá gæðastundir í litlum hópum í list- og verkgreinum, sundi og íþróttum.

Tækifæri til umbóta

- Gera árlega heildaráætlun um sérkennslu og stuðning.
- Virkja nemendur til að setja sér markmið um árangur.
- Gæta þess að stuðningur sé í öllum tilvikum markviss og nýtist nemendum í námi.

Í kjölfar skýrslu Menntamálastofnunnar gerðu stjórnendur Barnaskólans ítarlega umbótaáætlun sem send var til Menntamálastofnunnar og hlaut samþykki þar. Vísa stjórnendur til þeirra skýrslu en umbótavinnu miðar vel og hefur þegar verið komið til framkvæmda að miklu leyti.

Tillögur að úrbótum og framförum fyrir skólaárið 2019-2020

1. Haldið verður áfram að efla góð, jákvæð og uppbyggjandi samskipti í skólanum. Með vísun til þess að rúmlega 10% starfsmanna upplifa áreitni og aukið einelti meðal starfsfólks telja stjórnendur enn verk að vinna í þeim ranni.
2. Með góðri breyttni og faglegri en manneskjulegri framgöngu munu stjórnendur leitast við þess að bæta sig í starfi til að auka jákvæð viðhorf til stjórnunar skólans.
3. Stjórnendur leggi sig fram um að auka upplýsingaflæði til starfsmanna og nærsamfélags ásamt því að auka faglegan stuðning, endurgjöf og mat til kennara.
4. Teymisvinna verði eflad og teymiskennsla aukin.
5. Áfram verði Olweusarstarf gegn einelti unnið og eflt enn frekar
6. Rýnt verði í stærðfræði- og íslenskukennslu með það að sjónarmiði að bæta námsárangur nemenda skólans.
7. Gaumur veri gefinn að líðan stúlkna frá miðstigi og upp úr.
8. Áfram verði unnið að úrbótum vegna ytra mats MMS frá 2018-2019

Stokkseyri og Eyrarbakki, júní 2019

Páll Sveinsson, aðstoðarskólastjóri

Sigríður Pálsdóttir, deildarstjóri